

Mál nr. 269/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X) og (Y)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 25. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 27. ágúst 2025.
3. Bréf V1, dags. 4. september 2025.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. september 2025.
5. Viðbótarathugasemdir V, dags. 19. september 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 17. apríl 2023 slasast er hann féll niður um óvarinn glugga á annarri hæð við vinnu innanhúss, þegar steypubrot féll á vinnupall sem hann stóð á, með þeim afleiðingum að pallurinn færðist skyndilega úr stað. Reyndist pallurinn vanbúinn, sem leiddi til þess að M féll út um gluggann og niður á steypa jörð og hlaut alvarlega áverka. M hafði nýlega komið til starfa fyrir X og sinnti aðallega niðurrifi á steypu og einangrunarefnum. Var hann ráðinn í gegnum skrifstofu sem aðstoðaði við ráðningar erlendra starfsmanna og talar hann litla sem enga ensku og enga íslensku. Á verkstaðnum hafði Y, sem var aðalverktaki á vinnustaðnum, útvegað vinnupallinn sem M notaði við vinnu sína. Var hann með bilaðar bremsur á hjólum sem áttu að hindra að pallurinn færðist úr stað við vinnu. Lögregla kom á slyssað og vegna tungumálaörðugleika gerir M fyrirvara við það sem haft var eftir honum í lögregluskýrslu og bráðamóttökuskrá. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins á réttum tíma af hálfu X, sem bar þó lagaskyldu til þess, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Tilkynning hafi borist síðar eftir ítrekanir lögmanns M. Í skýrslu eftirlitsins komi fram að M hafi fallið út um glugga á annarri hæð þar sem hvorki hafi verið komið fyrir handriði né öðrum öryggisbúnaði til að varna falli úr gluggaopinu. Telur M að slysið megi rekja til alvarlegra öryggisbresta á vinnustaðnum. Vegna slyssins hafi M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingum X og Y, en af hálfu V1 og V2 hafi bótaskyldu verið hafnað. Telur M að slys hans megi rekja til þess að vinnupallurinn hafi hvorki verið tryggður né útbúinn fallvörnum. Hafi bæði X og Y brugðist lagaskyldum sínum og beri þeir óskipta skaðabótaábyrgð á slysi M á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttar og meginreglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Vísar M máli sínu til stuðnings til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða setta á grundvelli laganna. Áhættugreiningar X sem voru á pólsku, hafi hvorki gert grein fyrir þeirri augljósa fallhættu sem skapast við notkun vinnupalla við glugga á efri hæðum, líkt og í því verki sem M sinnti þegar slysið var, né um sérstök áhættuatriði vegna vinnu í hæð. M hafi ekki fengið neina fræðslu, hann hafi verið nýkominn til starfa á Íslandi og engin gögn liggi fyrir um að útskýrt hafi verið fyrir honum hvernig pallurinn virkaði, hver hættan væri tengd glugganum, eða hvernig tryggja skyldi öryggi við vinnu í hæð. Þar sem slysið hafi ekki verið tilkynnt tímanlega til Vinnueftirlitsins, telur M að X beri allan halla af skorti á sönnun um atriði sem talin verði óljós.

V1 sem er vátryggjandi X, bendir í bréfi sínu á að X hafi útvegað starfsmann, M, til að sinna verkefni á vinnusvæði yfirverktaka. Vinnustaðurinn hafi verið undir boðvaldi og umráðum yfirverktaka og hafi vinnupallurinn verið í eigu hans og settur upp af starfsmönnum hans. Hafi X hvorki haft beina aðkomu að uppsetningu né viðhaldi pallsins né heldur nokkra stjórn á öðrum öryggismálum er vörðuðu vinnuumhverfið á vinnustöðinni. Hlutverk X hafi verið takmarkað við að útvega starfsmenn í samræmi við óskir yfirverktaka.

M mótmælir í viðbótarathugasemdum sínum afstöðu V1 enda samræmist sú afstaða hvorki gildandi réttarreglum né dómaframkvæmd. Vinnuveitandi beri viðtæka og sjálfstæða skyldu til að tryggja fyllsta öryggi starfsmanna sinna, óháð því hvort hann sé eini aðilinn með boðvald á vinnustaðnum, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980. X hafi sýnt af sér augljósa vanrækslu með því að láta M vinna við augljóslega óöruggar aðstæður, á gölluðum vinnupalli og án fullnægjandi fræðslu eða leiðbeininga, sérstaklega í ljósi

tungumálaörðugleika hans. X hafi brugðist þeirri lagaskyldu að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins og verði því að bera allan halla af sönnunarskorti um atvik sem talin eru óljós.

V2 sem er vátryggjandi Y, hafnar því að umræddur vinnupallur hafi verið með bilaðar bremsur. Hann sé enn í notkun og í góðu lagi og hafi verið í góðu lagi er slysið varð. Engin gögn renni stoðum um annað. Y hafi eingöngu útvegað umræddan pall og ekki sýnt af sér gáleysi né vanrækslu.

Í viðbótarathugasemdum sínum bendir M á að sönnunarbyrði fyrir því að vinnupallurinn hafi verið í góðu lagi hvíli á Y. Íslensk dómaframkvæmd hafi ítrekað sýnt fram á að eigendur búnaðar og verktakar geti borið skaðabótaábyrgð vegna bilana eða galla á búnaði sem þeir útvega eða nota. Vísar M til 25. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þar sem fram kemur að þegar tveir eða fleiri beri óskipta bótaábyrgð, skuli ábyrgð þeirra innbyrðis skiptast eftir því sem sanngjarnt þyki.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis af hálfu X eða Y, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingum þeirra hjá V1 og V2. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hlaut M alvarlega áverka í slysinu og var frá vinnu í nokkra mánuði í kjölfar slyssins. Þannig er ljóst að X bar að tilkynna slysið til Vinnueftirlits ríkisins án ástæðulausrar tafar. Það var ekki gert fyrir en 15. ágúst 2023 en þrátt fyrir það kom eftirlitið á vettvang tveimur dögum eftir slysið og framkvæmdi takmarkaða úttekt ásamt því að ræða við verkstjóra hjá Y, sem er aðalverktaki á svæðinu. Þá kom lögregla á vettvang og tók myndir ásamt því að ræða við M. Á grundvelli þess verða ekki talin efni til að víkja frá almennum sönnunarkröfum. Það hvílir því á M að sýna fram á að tjónið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X, Y eða starfsmanna þeirra, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingum þeirra hjá V1 og V2. Í fyrirliggjandi gögnum er aðdraganda slyssins lýst með öðrum hætti en gert er í málskoti M. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi „misst jafnvægið og þá fallið niður af syllunni sem hann stóð á.“ Verkstjóri Y lýsir aðdraganda slyssins á þann veg fyrir Vinnueftirlitinu í heimsókn þeirra 19. apríl 2023 að líkur séu á því að M „hafi verið að klifra upp á pallinn og dottið út um gluggann.“ Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 15. ágúst 2023 segir: „var að fara uppá stillans sem var út við glugga missti takið á stillans og datt út um glugga“. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, undirrituð af lögmanni M 31. ágúst 2023 er slysinu lýst þannig að M hafi verið á vinnupalli sem hafi færst frá vegg sem olli því að hann missti jafnvægið og féll. Af framangreindum gögnum má ráða að frásagnir af orsök slyssins eru ekki samhljóða, en ekkert liggur fyrir sem sýnir með nægilegum hætti að orsök fallsins hafi verið bilun eða vanbúnaður vinnupallsins, eða að X eða Y hafi með saknæmum hætti valdið því að öryggi við vinnu M væri ekki tryggt. Ekkert bendir til þess að vinnupallurinn hafi verið í því ástandi að hann teldist haldinn galla eða óhæfur til notkunar, og engin gögn styðja að bremsur hans hafi verið bilaðar. Ljóst er að Y útvegaði pallinn og hafði umráð yfir honum á verkstaðnum, en ekkert liggur fyrir sem bendir til þess að starfsmenn Y hafi brugðist skyldum sínum eða að pallurinn hafi verið vanbúinn eða ekki settur upp með réttum hætti. Þá verður ekki séð að X, sem útvegaði M til vinnu fyrir Y, hafi haft aðkomu að uppsetningu pallsins eða eftirliti með öryggi á vinnusvæðinu. Þótt árétta megi almenna skyldu atvinnurekanda samkvæmt lögum nr. 46/1980 til að tryggja öryggi starfsmanna sinna, verður ekki talið að X hafi sýnt af sér þá vanrækslu eða athafnaleysi sem jafna mætti til sakar í skilningi skaðabótaréttar. Að framangreindu virtu verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til brota X og Y gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 eða reglugerða settum á grundvelli þeirra. Bótaskylda úr ábyrgðartryggingum X hjá V1 og Y hjá V2 er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V1 eða úr ábyrgðartryggingu Y hjá V2.

Reykjavík, 28. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir